

Nd.

826. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 25 12. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hafa af óviðráðanlegum orsökum, öðrum en venjulegri fyrningu, orðið skemmdir á hafnarmannvirkjum á einhverjum stað, og er ríkisstjórninni þá heimilt, að fengnum tillögum vitamálastjóra, að verja fé úr hafnarbótasjóði til nauðsynlegra bóta á slíkum skemmdum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.